

Ed. 549. Frumvarp til laga [176. mál]

um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. mars.)

Samhljóða þskj. 292 með þessari breytingu.

1. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuafstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall, með allt að 55 megawatta afli, til framleiðslu raforku og leggja þaðan aðalorkuveitur til tengingar við aðalorkuflutningskerfi Norðurlands og Austurlands.